

Alþingi
Erindi nr. Þ 127/1318
komudagur 18.03.2002



SKIPULAGSFRÆÐINGAFÉLAG ÍSLANDS
Icelandic Planners Association

Pósthólf 298 Reykjavík - bj@bygg.is

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Menntamálanefnd, iðnaðarnefnd og allherjarnefnd Alþingis hafa sent eftirtalin lagafrumvörp til umsagnar Skipulagsfræðingafélags Íslands:

539.mál, Vísinda- og tækniráð,
549.mál, opinber stuðningur við vísindarannsóknir,
553.mál. opinber stuðningur við tækniþróun og nýsköpun.

Samhengisins vegna hefur Skipulagsfræðingafélag Íslands valið að senda umsögn sína um þessi frumvörp í einu lagi.

Inngangur

Skipulagsfræði og skipulagsrannsóknir eiga sér skamma sögu hérlendis, þótt þær hafi verið stundaðar um áratuga skeið í nágrennalöndum okkar. Lítið sem ekkert hefur farið fyrir skipulagskennslu í íslensku skólakerfi, en á framhaldsskólastiginu er nú verið að gera þar verulegt átak. Ber þar að nefna upphaf BS-náms í umhverfisskipulagi við Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri haustið 2001, og einnig hefur verið unnið að undirbúningi MS-náms í skipulagsfræði við Háskóla Íslands. Rannsóknastofnanir hafa einnig verið í uppbyggingu, og ber þar að nefna Byggðarannsóknastofnun á Akureyri og Borgarfræðasetur Háskóla Íslands og Reykjavíkurborgar.

Skipulag er áætlun um að hafa áhrif á þróun samfélagsins. Skipulag myndar ramma um búsetu og atvinnulíf. Fólk gerir æ meiri kröfur til vistræns og félagslegs umhverfis, og þessir þættir eru meðal þess sem gerir staði eftirsóknarverða til búsetu. Atvinnuþróun byggir einnig að miklum hluta á skipulagi, og má þar nefna framboð á húsnæði og/eða lóðum til nýbygginga, orkuframboð, gæði gatnakerfis og veitukerfa, samgöngur, aðgang að stofnvegakerfi, flugvöllum, höfnum og fjarskiptakerfum, nálægð eða tengsl við fyrirtæki með svipaða starfsemi, nálægð við þjónustufyrirtæki, aðgang að rannsóknarstofnunum og háskólum, skýr skipulagsákvæði sem taka tillit til þarfa fyrirtækjanna, gott umhverfi, heimilisfang á vel metnum stað/svæði/hverfi o.fl. Það er því mikilvægt að vel sé vandað til skipulags, og við gerð þess þarf m.a. að taka tillit til fagurfræðilegra, félagslegra og efnahagslegra þátta.

Skipulagsfræði vann sér sess sem sjálfstæð fræðigreinin á fyrri hluta aldarinnar. Skipulagsfræði er þverfagleg grein sem m.a. fæst við gerð áætlana um notkun lands og byggðaðróun. Markmið hennar er að tryggja að slíkar áætlanir séu byggðar á

breiðum vísindalegum grunni og að með þeim séu samræmd hin fjölmörgu sjónarmið um notkun lands og nýtingu auðlinda. Menntun skipulagsfræðinga er víðtæk og nær til ólíkra greina eins og vistfræði, lögfræði, hagfræði, félagsfræði, verkfræði og byggingalistar. Sérhæfing skipulagsfræðinga felst m.a. í því að samhæfa niðurstöður sérfræðinga og samræma ólík sjónarmið hagsmunaaðila þegar ákvarðanir eru teknar um framtíðarnotkun lands og auðlinda, s.s. við skipulag íbúðarsvæða, samgangna og staðarval stóriðju.

Frumvarp til laga um Vísinda- og tækniráð

Í frumvarpinu um Vísinda- og tækniráð er sagt að höfuðáhersla menntamálaráðuneytisins verði lögð á að styrkja og styðja við bakið á vísindarannsóknum, án tillits til þess hvort þær megi flokka undir grunnrannsóknir eða hagnýtar rannsóknir, jafnframt því að stuðla að menntun ungra vísindamanna. Hlutverk ríkisins á þessu sviði verður samkvæmt því annars vegar að fjármagna öfluga sjóði til þess að styrkja vísindarannsóknir og hins vegar að stuðla að meistara- og doktorsnámi á háskólastigi. Í frumvarpinu er lögð sérstök áhersla á mikilvægi rannsókna fyrir menningu og atvinnuvegi, en *Skipulagsfræðingafélag Íslands telur að ekki sé síður þörf á að nefna mikilvægi vistræns og félagslegs umhverfis fólks*. Kveðið er á um að umhverfisráðherra eigi sæti í vísinda- og tækniráði, og *þarf það að tryggja að tekið sé tillit til rannsókna og menntunar á sviði skipulags í stefnumörkun ráðsins*.

Tillögur um viðbætur (skáletraðar):

1. grein (bls 1)

Markmið þessara laga er að efla vísindarannsóknir, vísindamenntun og tækniþróun í landinu auka samkeppnishæfni atvinnulífsins og *bæta hönnun og skipulag hins manngerða umhverfis á Íslandi*.

Um 1. grein. (bls 9)

Í greininni er kveðið á um meginmarkmið frumvarpsins og sérstök áhersla lögð á mikilvægi ~~þeirra~~ *rannsókna* fyrir menningu þjóðarinnar, eð atvinnuvegina og *vistrænt og félagslegt umhverfi fólks*.

Um 3. grein (bls. 9)

Vegna sérstöðu hinna nýju hönnunar- og skipulagsgreina á háskólastigi og þarfar á að styrkja þær, skal einn fulltrúi tilnefndur af háskólasviðinu skal vera fulltrúi þeirra.

Frumvarp til laga um opinberan stuðning við vísindarannsóknir

Skipulags- og umhverfisrannsóknir eru hagnýtar rannsóknir, og heyra því undir Vísindanefnd og menntamálaráðuneytið. Í frumvarpi um opinberan stuðning við vísindarannsóknir er m.a. nefnt að vænta megi fagraða á sviði hug- og félagsvísinda, líf- og læknisfræði, raunvísinda og verkfræði. Skipulagsrannsóknir eru þverfaglegar, geta t.d. heyrt undir félagsvísindi, og umhverfisrannsóknir og tæknirannsóknir. Þær heyra því ekki undir neitt einstakt af núverandi fagráðum Rannís. *Sérstaða*

skipulagsrannsóknna er það mikil að Skipulagsfræðingafélag Íslands telur að nauðsynlegt sé að geta um það sérstaklega í lagatextanum.

Tillögur um viðbætur (skáletraðar)

1. grein (bls 1)


Markmið laga þessara er að styrkja grunnrannsóknir, þverfaglegar rannsóknir og hagnýtar rannsóknir.

Frumvarp til laga um opinberan stuðning við tækniþróun og nýsköpun í þágu atvinnulífsins

Skipulagsfræðingafélag Íslands telur að frumvarpið um opinberan stuðning við tækniþróun og nýsköpun í þágu atvinnulífsins geti styrkt stoðir atvinnulífsins á landsbyggðinni, og þar með stuðlað að jafnvægi í búsetu, einkum ef hinni nýju nýsköpunarmiðstöð verður valinn staður á Akureyri, eins og lagt er til í tillögu til þingsályktunar um stefnu í byggðamálum 2002 – 2005.

Leitað hefur verið áhlits dr. Trausta Valssonar prófessors í skipulagsfræði við Háskóla Íslands, og hafa ábendingar hans að nokkru leyti verið hafðar til hliðsjónar í þessari umsögn.

F.h. Skipulagsfræðingafélags Íslands



Dr. Bjarki Jóhannesson

Formaður Skipulagsfræðingafélags Íslands

Drekahlíð 1

550 Sauðárkrókur